

Greinargerð frá Vigdís Hauksdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins vegna dóms héraðsdóms Reykjavíkur 3132/2017, lögð fram á borgarráðsfundi 20. september 2018.

Frá því héraðsdómur í máli 3132/2017 féll hefur atburðarrásin í ráðhúsinu verið ævintýrleg og á ekkert skylt við vandaða stjórnsýsluhætti. Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi verið dæmd til að greiða miskabætur vegna ólögmætar áminningar hafði það ekki þau áhrif að borgarstjóri, borgarritari og starfsfólk á skrifstofu borgarstjóra ætluðu að una dóminum. Þvert á móti var aðför haldið áfram að fjármálastjóra ráðhússins og stjórnsýslumál sett af stað sem sneri að meintu einelti skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Borgarritari varð við þessari rannsókn undirmanns síns, skrifstofustjórans sem hér er getið, þrátt fyrir að fjármálastjórinn hafi ekki óskað eftir því og aldrei lagt fram kvörtun eða kæru um slíkt, eins og fram kom í réttarhöldum fyrir héraðsdómi.

Því var ljóst í upphafi að fjármálastjórinn gat aldrei verið aðili slíks stjórnsýslumáls. Engu að síður voru tveir starfsmenn eineltisteymis Skóla- og frístundasviðs fengnir að forgöngu borgarritara til að rannsaka málið og var fjármálastjóranum gert, þvert gegn vilja sínum, að mæta á fundi vegna þessa.

Í bréfi skrifstofustjórans sem sent var til forsætisnefndar hinn 14. ágúst s.l. er fullyrt að „rannsóknin hafi ekki verið sett af stað“. Það var rangt því fjármálastjórinn var boðaður á fyrsta fund rannsóknar og eineltisteymis skóla- og frístundasviðs, hinn 18.maí. Með fjármálastjóranum á þeim fundi var fulltrúi hans stéttarfélags. Þar lagði fjármálastjórinn fram bókun þess efnis að hann hafi ekki lagt fram kvörtun um einelti. Á þessum tíma var ekki komin niðurstaða í dómsmálið og var þess krafist að fundi yrði slitið sem var gert.

Þann 18. júlí, rúmum mánuði eftir að héraðsdómur kvað upp afdráttarlausan dóm var fjármálastjórinn boðaður á fund eineltisteymisins en því var mótmælt af hans hálfu og var þeim fundi frestað. Áfram var reynt að fá fjármálastjóran á fund eineltisteymisins og knýja hann til þátttöku í eineltisrannsókninni. Hinn 31. ágúst sendi fjármálastjórinn og lögmaður stéttarfélags hans andmælabréf til Ragnheiðar E. Stefánsdóttur, mannauðsstjóra Skóla- og frístundasviðs, þar sem skorað var á Reykjavíkurborg að fella stjórnsýslumálið niður og hætta aðför að honum.

Æðstu embættismenn borgarinnar hafa aldrei viðurkennt að eineltisrannsóknin væri í gangi að hálfu borgarinnar. Á fundi borgarstjórnar hinn 4. september undir 5. dagskrárlið lét borgarstjóri ítrekað þau ummæli falla að „engin eineltisrannsókn væri í gangi“ og jafnframt „að málið væri ekki lengur á dagskrá“.

Á grunni þessara sterku yfirlýsinga borgarstjóra sendi lögmaður fjármálastjórans fyrirspurn hinn 5. september til Ragnheiðar Stefánsdóttur, sett mannauðsstjóra yfir rannsókninni þar sem óskað var svara við því hvort stjórnsýslumálið hafi verið felld niður og um leið sú eineltisrannsókn sem boðað var til vegna beiðna Helgu Bjargar Ragnarsdóttur.

Daginn eftir, hinn 6. september barst svarbréf settum mannauðsstjóra rannsóknarinnar þar sem vísað var í 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með þeim orðum að hún hafi afhent Helgu Björgu Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, andmælabréf fjármálastjórans og lögmanns hans, dags. 31. ágúst, og var skrifstofustjóranum gefið tækifæri á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum gagnvart athugasemdum inn í málið til 10. september. Að auki var skrifstofustjóranum skv. beiðni hennar verið afhent bókun fjármálastjórans auk fylgiskjals, dag. 17. maí 2018, sem lögð var fram á fundi með fulltrúum eineltisteymis skóla- og frístundasviðs þann 18. maí. Skrifstjóranum var gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og eftir það yrði tekin ákvörðun um hvort fallið yrði frá rannsókn á meintu einelti.

Dró til tíðinda 14. sept. þegar fjármálastjóranum barst trúnaðarmerkt erindi þar sem því var lýst yfir af settum mannauðsstjóra, að eineltisrannsókn sú sem skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara óskaði eftir í apríl s.l. og borgaritari varð við væri lokið enda væru ekki til staðar forsendur til að fram færi rannsókn á meintu einelti.

Allt þetta mál er til mikils álitshnekkis fyrir æðstu stjórnendur í ráðhúsi Reykjavíkur og til fjárhagslegs skaða fyrir borgina. Þá styður málið ekki við kunnuglegar fullyrðingar um að Reykjavíkurborg sé í forystu og til fyrirmyndar öðrum sveitarfélögum þegar kemur að framkvæmd mála með hliðsjón af stjórnsýslulögum, stjórnunarháttum eða framkvæmd starfsmannamála.

Bókun á fundi borgarráðs 13. september 2018

Margir komu að áminningarferli fjármálastjóra Ráðhússins sem endaði fyrir héraðsdómi og hafði fjármálastjórinn fullan sigur. Borgarstjóri, borgarritari, borgarlögmaður, starfsmannastjóri Reykjavíkur, lögmenn hjá embætti borgarlögmanns auk Antons Björns Markússonar hrl. vissu öll um áminninguna og veittu ráð um ferlið. Nú hefur komið í ljós að málarekstur borgarinnar í máli 3132/2017 hefur kostað 3.743.750 krónur. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og borgarfulltrúi Miðflokksins kallar eftir því að einhver axli ábyrgð á þessu alvarlega máli. Það virðist vera meðvituð ákvörðun þeirra sem stjórna borginni að bregðast ekki við dómi héraðsdóms.”